



Reykjavík, 21. apríl 1997

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 121/1656  
komudagur 21/4 197

Efni: Umsögn um frv. um breyting á lögum um virðisaukaskatt (437. mál).

Bréf þetta er ritað fyrir hönd Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV), Sambands íslenskra sparisjóða (SÍSP) og Samtaka verðbréfafyrirtækja.

Við er til bréfa yðar frá 21. mars 1997, þar sem óskað er eftir umsögn sambandanna um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (437. mál).

## 1. Afstaða sambandanna.

Samböndin leggja til að 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins verði felldur brott þar sem augljóslega þurfi að útfæra hann mun betur sem og huga að hliðstæðum breytingum á öðrum tölulíðum 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaganna.

Þá undirstrika samböndin þann skilning sinn að með 2. gr. frumvarpsins sé verið að lögfesta meginatriði þeirra efnisreglna sem nú er að finna í reglugerðum útgefnum á grundvelli núgildandi 2. mgr. 3. gr. virðisaukaskattslaganna, enda er þetta skýrt tekið fram í athugasemdum við greinina. Jafnframt kemur fram í athugasemdunum að ekki sé gert ráð fyrir að breytingar verði á skattskyldu vegna eigin starfsemi frá því sem gilt hefur samkvæmt þeim reglugerðum sem settar hafa verið. Það er því skilningur sambandanna að þessi breyting muni ekki hafa áhrif á starfsemi fjármálafyrirtækja, þ.m.t. Reiknistofu bankanna, þrátt fyrir að orðið „forritun“ komi fyrir í athugasemdunum. Telja samböndin mikilvægt að sá skilningur sem fram kemur í athugasemdunum, að með 2. gr. frumvarpsins sé ekki verið að breyta efnisreglum, verði áréttáður í álitni nefndarinnar um frumvarpið.

## 2. Rökstuðningur.

Athygli sambandanna beinist fyrst og fremst að 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum við þessa grein kemur fram að tilgangur ákvæðisins sé að afmarka betur þá undanþágu frá skattskyldu sem fram kemur í 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaganna. Einnig kemur fram að þetta sé gert til að styrkja gildandi framkvæmd. Samböndin benda hins vegar á að í ákvæðinu felast veigamiklar efnisbreytingar auk þess sem orðalag ákvæðisins skapar veruleg túlkunar- og framkvæmdavandamál. Athugasemdir sambandanna eru þessar:

1. málsl. 1. tölul. 1. gr. Tilvísun til laga um Seðlabanka Íslands. Ekki er ljóst hvaða tilgangi tilvísun til laga um Seðlabanka Íslands þjónar nema ef vera skyldi að hann væri eitt þeirra fyrirtækja sem eiga að falla undir hugtakið „banki“. Ef svo er kynni



að vera skýrara að hefja upptalninguna þannig: Þjónusta Seðlabanka Íslands, banka, sparisjóða ...“.

2. 1. másl. 1. tölul. 1. gr. *Fjármálafyrirtæki sem hafa verið undanþegin en eru ekki talin upp.* Auk þeirra fjármálafyrirtækja sem talin eru upp í ákvæðinu má benda á að þjónusta verðbréfasjóða og rekstrarfélaga þeirra sem starfa samkvæmt lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, hefur hingað til verið undanþegin virðisaukaskatti. Hið sama hefur gilt um Verðbréfaþing Íslands (lög nr. 11/1993), Lánasýslu ríkisins (lög nr. 43/1990) og greiðslukortafyrirtæki sem reyndar starfa ekki eftir sérlögum.
3. 1. másl. 1. tölul. 1. gr. *Ný tegund fjármálaþjónustu.* Viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Að mati sambandanna er eðlilegt að sú starfsemi sé undanþegin virðisaukaskatti með sama hætti og hingað til hefur gilt um bankaþjónustu og verðbréfamiðlun, sbr. núgildandi orðalag 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaganna. Í ljósi þess að fjármagnsmarkaður tekur sífelldum breytingum er óráðlegt að mati sambandanna að nota tæmandi upptalningu í þessum málslið með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.
4. 2. másl. 1. tölul. 1. gr. *Innheimta krafna í eigu annarra og tiltekin þjónusta sem veitt er í samkeppni við skattskylda aðila.* Af hálfu sambandanna er litið svo á að með þessu ákvæði sé ætlunin að tryggja að þegar fjármálafyrirtæki sem undanþegin eru virðisaukaskatti leita út á markaðinn og selja þar þjónustu sem ekki telst vera eiginleg banka- eða verðbréfaþjónusta í samkeppni við skattskylda aðila þá njóti hún ekki hinnar almennu undanþágu frá skattskyldu. Á þetta meginsjónarmið geta samböndin fallist, enda verði þess bæði gætt að markalínur séu skýrar þannig að framkvæmdin geti gengið snurðulaust fyrir sig og að sama regla gildi um alla aðra aðila sem undanþegnir eru virðisaukaskatti og keppa hugsanlega við skattskylda aðila. Hvorugu verður til að dreifa verði 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins lögfestur í óbreyttri mynd.

Hvað fyrra atriðið varðar, óglöggar markalínur, má t.d. benda á að innheimta krafna, þ.e. annarra en vanskilakrafna<sup>1</sup>, er orðinn nánast óaðskiljanlegur hluti af greiðslumiðlun bankakerfisins og greiðslukortafyrirtækja. Hér má t.d. nefna bein-greiðslur, boðgreiðslur og raðgreiðslusamninga. Þá má nefna að farið er að tvinna saman innheimtu- og færslukerfi banka og sparisjóða og tengja beint við tölvukerfi fyrirtækja. Loks má benda á að ráðgjöf um val milli sparnaðarforma er óaðskiljanlegur hluti af starfsemi banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja en að sjálfsgöðu geta sjálfstætt starfandi ráðgjafar veitt hliðstæða ráðgjöf. Sama gildir um ráðgjöf fjármálafyrirtækja til fyrirtækja sem leita eftir lánsfé eða vilja breyta gjaldmiðla-samsetningu skulda sinna. Nefna má ótal fleiri dæmi um óglöggar markalínur.

Það sem hér hefur verið rakið sýnir glögg að vanda verður mun betur til útfærslu á 2. másl. 1. tölul. 1. gr. en gert er í frumvarpinu. Að öðrum kosti mun framkvæmd ákvæðisins valda vandkvæðum og bjóða heim hættunni á sífelldum ágreiningi. Samböndin hafa ekki fundið lausn á þessu og leggja því til að 1. tölul. 1. gr. verði felldur brott úr frumvarpinu, enda verði sumarið nýtt til að finna betri útfærslu á þessu ákvæði. Í því skyni verði m.a. kannað rækilega hvaða leiðir ná-

<sup>1</sup> Bent skal á að innheimta vanskilakrafna (lögfræðiinnheimta) hjá bönkum og sparisjóðum er og hefur verið skattskyld og hafa þeir skilað virðisaukaskatti af henni.



grannaríki hafa farið sem undanþiggja banka- og verðbréfabjónustu frá virðisauka-skatti og þurfa því að glíma við svipuð álitamál.

Hvað síðara atriðið varðar, jafnræði milli aðila sem undanþegnir eru, skal t.d. bent á að fjármálaráðgjöf er einnig óaðskiljanlegur hluti af starfsemi tryggingafél-aga með hliðstæðum hætti og hún er eðlilegur hluti af starfsemi banka og verð-bréfafyrirtækja. Þrátt fyrir þetta er ekki að ætlunin að þrengja þá undanþágu sem váttryggingastarfsemi nýtur skv. 9. tölul. 3. mgr. 2. gr. virðisukaskattslaga með lík-um hætti og ætlunin er að gera varðandi banka, sparisjóði og verðbréfafyrirtæki. Hér er um óásættanlega mismunun að ræða. Í þessu sambandi má einnig benda á það ósamræmi sem yrði milli 9. tölul. og 10. tölul. verði frumvarpið að lögum því í 9. tölul. yrði áfram kveðið á um starfsemina sem undanþegin er en í 10. tölul. yrði kveðið á um fyrirtækin sem undanþegin eru. Þessi niðurstaða styður að mati sambandanna þá tillögu sem sett var fram hér að framan að fresta að sinni að afgreiða þennan þátt frumvarpsins og fella hann því brott.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,  
framkvæmdastjóri